



FUNDARGERÐ BYGGINGANEFNDAR BÚÐARSTÍGS 22

6. fundur bygginganefndar um framkvæmdir að Búðarstíg 22 var haldinn 4. febrúar 2020 kl. 17 að Búðarstíg 22 og framhaldið að Hafnarbrú 3 á Eyrarbakka. Mætt var nefndin öll þau Árni Eiríksson, Eypór H. Ólafsson, Eggert Valur Guðmundsson og Bryndís Eir Þorsteinsdóttir. Gestir fundarins voru Grímur Jónsson byggingastjóri og Samúel Smári Hreggviðsson byggingatæknifræðingur. Einnig var á fundinum safnstjóri Lýður Pálsson sem skrifaði fundargerð. Fundargerðin var færð í tölvu.

1. Fjárhagsleg staða. Yfirlit var lagt fram með stöðunni eins og hún var 20. janúar sl. og hefur ekkert breyst síðan enda framkvæmdir ekki í gangi eins og er. Í afgang af framkvæmdafé 2019 eru tæpar tvær milljónir króna. Verið er að vinna að því að fá 120 milljón króna lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga til að halda framkvæmdum áfram og ljúka þeim í lok ársins.

2. Ný rýmisáætlun. Samúel Smári Hreggviðsson lagði fram endurskoðaða rýmisáætlun fyrir Búðarstíg 22.

3. Framkvæmdaáætlun 2020. Rætt var um næstu skref við uppgerð miðrýmis, norðurrýmis og skrifstofubyggingar. Byrjað verður á þaki, síðan útveggir gluggar og hurðir. Þá framkvæmdir innandyra og endað í vestur enda skrifstofubyggingar. Framkvæmdir hæfust í mars eða apríl. Næstu mánuðir verða notaðir í að hanna það sem eftir er og panta efni. Samþykkt að fela Grími Jónssyni áframhaldandi byggingastjórn.

4. Flutningar í skemmuna.

a. Þjóðminjasafn Íslands hefur flutt megnið af tækniminjum sínum úr Vesturvör 14 í Kópavogi í skemmuna að Búðarstíg 22 á Eyrarbakka. Hafa starfsmenn safnsins lýst ánægju sinni með geymsluna. Nú eru uppi áætlanir um að flytja þangað báta Þjóðminjasafnsins, þar á meðal Engeyjarskipið, einn af mestu gersemum íslenskra safna. Það kallar á nauðsyn sprinklerkerfis og mun safnstjóri funda með þjóðminjaverði á morgun um það. Í upphaflegum áætlunum bygginganefndar var ekki gert ráð fyrir sprinklerkerfi í Búðarstíg 22. Ef Þjóðminjasafn Íslands óskar eftir sprinklerkerfi mun það kosta uppsetningu þess fyrir sinn leigða hluta.

b. Syðri hluti skemmunnar sem Byggðasafn Árnesinga nýtir er tilbúinn til nota fyrir safnið. Óhagstæð veðurtíð hefur hamlað flutningum úr Mundakotsskemmu en safnið hefur fengið starfskrafta til að sjá um flutningana sem hefjast á næstu dögum ef tíð leyfir. Keyptar verða hillur fyrir gripina og lagði safnstjóri fram tilboð Ísoldar í brettahillur. Finna þarf hentuga lausn fyrir bátana og verður dokað við á meðan Þjóðminjasafnið kemur bátum sínum fyrir.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 18.

Árni Eiríksson *Eggert Valur Guðmundsson*
Eypór H. Ólafsson
Bryndís Eir Þorsteinsdóttir *Sam. Eiríksson*